# REGLUR

## um veitingu leyfa til fornleifarannsókna.

1. gr.

Fornleifanefnd fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna.

2. gr.

Þeir, sem hug hafa á að stunda fornleifarannsóknir, skulu sækja til fornleifanefndar um leyfi til þess. Nefndin fjallar um leyfisumsóknir og veitir leyfi eða hafnar umsókn.

3. gr.

Í umsókn skal tilgreina, með skýrum efnisskilum, fyrirsögnum efnisþátta, þar sem við á, og í eftirfarandi röð:

1. Umsækjanda (forstöðumann rannsókna; ef fleiri eru en einn þá báða eða alla).
2. Heimilisfang.
3. Stöðu og menntun (æviatriði, menntun, prófgráður og ritaskrá, ljósrit prófskírteina skulu fylgja).
4. Stofnun.
5. Aðra fornleifafræðinga, sem starfa munu við rannsóknina á vettvangi (æviatriði og menntun), aðra sérfræðinga, sem vinna að rannsókninni (nöfn og núverandi vinnustað), og fyrirhugaðan fjölda annarra starfsmanna.
6. Rannsóknarstað (bæjarland, sveitarfélag, landshluta). Lýsa skal rannsóknarstað sem nákvæmlegast, legu hans og stærð. Tilgreina skal landeiganda og ábúanda (leigutaka) sé því að skipta. Sé land í einkaeign skal skriflegt leyfi eiganda og umráðamanns, ef við á, vera fengið, nema ákvæði 23. gr. þjóðminjalaga eigi við.
7. Tilgang rannsókna.
8. Rannsóknaáætlun. Lýsa skal aðferðum og skráningu. Gerð skal grein fyrir tímaáætlun vettvangsrannsókna, áætluðum upphafs- og lokadegi og tímaáætlun annarra úrvinnslurannsókna.
9. Forvörslu forngripa. Tilgreina skal forverði, sem taka munu að sér forvörslu forngripa sem kunna að finnast, nöfn þeirra, heimilisföng og símanúmer.
10. Fjármögnun rannsókna. Tilgreina skal þá, sem leggja fram fé til rannsóknanna: vettvagnsrannsókna, forvörslu og annarra úrvinnslurannsókna. Auk nafna þeirra, sem fjármagna, skulu fylgja heimilisföng þeirra og símanúmer. Fylgja skal ítarleg kostnaðaráætlun rannsóknanna.
11. Sé sótt um leyfi til framhalds fyrri rannsókna, skal fylgja umsókninni ítarleg skýrsla um stöðu rannsókna og jafnframt breytt rannsókna- og kostnaðaráætlun, ef nauðsyn krefur vegna niðurstöðu þeirra rannsókna, sem þegar hafa farið fram. Þá skal fylgja áætlun um útgáfu.

4. gr.

Skilmálar leyfis til fornleifarannsókna eru eftirfarandi:

Leyfi til fornleifarannsókna er veitt af fornleifanefnd í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, sbr. l. nr. 98/1994. Nefndin getur sett skilyrði um forkönnun með tilraunagrefti.

Leyfi til fornleifarannsókna er ekki framseljanlegt og skulu rannsóknirnar fara fram undir beinni stjórn og eftirliti fornleifafræðings þess sem það er veitt, á vettvangi, enda er hann persónulega ábyrgur fyrir þeim.

Leyfi til fornleifarannsókna gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Vettvangsrannsóknir utanhúss skulu fara fram við bestu mögulegar aðstæður, svo að menningarverðmæti liggi ekki að þarflausu undir skemmdum vegna veðurs. Æskilegur tími utanhússrannsókna er frá júníbyrjun til septemberloka.

Sýna skal starfsmönnum fornleifadeildar Þjóðminjasafns öll gögn og gripi rannsóknar æski þeir þess við eftirlit.

Við vettvangsrannsóknir skal fara fram ítarleg skráning og ljósmyndun á jarðlögum, mannvistarlögum og forngripum, sem í ljós koma. Hvert atriði skal hljóta auðkenni eð númer við skráningu. Gera skal forngripaskrá yfir alla fundna forngripi á vettvangi, geta fundartíma, nákvæms fundarstaðar og lýsa helstu einkennum hvers forngrips.

Öll frumgögn vettvangsrannsókna, svo sem dagbækur, skrár, ljósmyndir og teikningar í geymsluhæfu formi, skal afhenda Þjóðminjasafni eða hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni samkvæmt ákvörðun þjóðminjavarðar, í samráði við þjóðminjaráð, til varðveislu, með skrá yfir fjölda þeirra og gerð. Leyfishafi heldur afritum hjá sér. Alla fundna forngripi skal afhenda forvarða og skráða ásamt forngripaskrá. Gögn og gripi, ásamt stuttri yfirlitsskýrslu um gang rannsóknanna á leyfistímanum, skal afhenda innan árs. Ef forvarsla gripa tekur lengri tíma skal gerð grein fyrir því við afhendingu annars efnis og afhenda gripina þegar forvörslu þeirra lýkur.

Endurnýjun rannsóknaleyfis er háð afhendingu gagna og gripa frá fyrra leyfistímabili. Þó skal tekið tillit til þarfa rannsakenda á gögnum og gripum vegna samhengis og endanlegrar úrvinnslu rannsóknar.

Leyfishafi skal birta niðurstöður rannsóknar innan fimm ára frá afhendingu gagna og gripa. Þó er heimilt að framlengja ofangreindan frest ef fullnægjandi ástæður eru fyrir hendi að mati fornleifanefndar. Senda skal fornleifadeild Þjóðminjasafns tvö eintök endurgjaldslaust af öllu efni, svo sem bókum og greinum í blöðum og tímaritum, sem leyfishafi birtir um rannsóknina.

Leyfishafi skal eiga fyrsta útgáfurétt um gögn og gripi í fimm ár frá lokum vettvangsrannsóknar. Eftir þann tíma skal efnið vera aðgengilegt öðrum vísinda- og fræðimönnum til rannsóknar og útgáfu.

Leyfishafi skuldbindur sig til að ganga vel frá rannsóknarstað að rannsókn lokinni. Skal frágangur miða að því að varðveita sem best það, sem eftir er af minjum og að minjastaðurinn sé snyrtilegur í hvívetna.

Vakin er athygli á 26. gr. þjóðminjalaga um að allir forngripir (þ.e. lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri) eru eign íslenska ríkisins. Enn fremur á 28. gr. þjóðminjalaga um að eigi megi flytja úr landi muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema með leyfi þjóðminjaráðs.

Fari leyfishafi ekki að greindum skilmálum eða ákvæðum þjóðminjalaga að mati fornleifanefndar áskilur nefndin sér rétt til að afturkalla leyfið þegar í stað og krefjast afhendingar gagna og gripa til fornleifadeildar Þjóðminjasafns.

5. gr.

Reglur þessar eru staðfestar með vísan til 22. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989, sbr. 15. gr. l. nr. 98/1994, sbr. og 20. gr. reglugerðar um þjóðminjavörslu nr. 323/1990, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 320/1990, um veitingu leyfa til fornleifarannsókna.

*Menntamálaráðuneytinu, 29. febrúar 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Árni Gunnarsson.*

15. mars 1996 Nr. 158

# REGLUGERÐ

## um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari, þegar um er að ræða nauðsynleg lyf, sem ávísað hefur verið af lækni (tannlækni) og afgreitt er í lyfjabúð eða af öðrum aðila, sem hefur leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 með áorðnum breytingum.

Magn lyfs í hverri lyfjaávísun (ordination) skal miða við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum lækningaflokkum, en þá skal miða við mest 30 daga notkun:

| | ATC-flokkur |
|---|---|
| a. Lyf við sársjúkdómi | A 02 B |
| b. Sveppalyf til inntöku | D 01 B |
| c. Geðdeyfðarlyf, tvíhringlaga afbrigði | N 06 AB |
| d. Sveppalyf | J 02 |
| e. Veirulyf (nema stungulyf og lyf í flokki J05 AB 05) | J 05 AB |

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út skírteini, sem heimilar að miðað sé við 100 daga notkun þegar ávísað er á lyf í ofangreindum flokkum.

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð. Viðmiðunarverðið skal vera 5% hærra en smásöluverð ódýrasta samsvarandi lyfs og skal það endurskoðað á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út viðmiðunarverðskrá yfir samsvarandi lyf um leið og sérlyfjaskrá og viðauka hennar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir sjúkratryggðan lyf í eftirtöldum lyfjaflokkum sem honum er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „100“ eða „*“ í gildandi lyfjaskrám („100“ í sérlyfjaskrá „*“ í lyfjaverðskrá I og II, sbr. 10. gr. lyfjalaga nr. 93/1994). Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur.